

Þríhnúkar- Bláfjöll.

(Farið 30. júní kl. 13.00)

7. raðganga Ferðafélags Íslands um gosbeltið suðvestanlands verður n.k. sunnudag og hefst kl. 13.00 Að þessu sinni verður ekið suður í Grindaskörð, gengið á þríhnúka og að skíðaskálanum í Bláfjöllum. Þetta er stutt og róleg ganga, en eins og jafnan áður mun margt forvitnilegt bera fyrir augu, sem sjálfsagt er að gefa gaum og tíma til að skoða.

Grindaskörðin eru flestum kunn, sem á annað borð þekkja fjallahringinn umhverfis Reykjavík. En ekki mun það vera á allra vitorði, að þar sé eitt virkasta gossvæði í nágrenni höfuðstaðarins. Hnúkarnir, sem þar ber við loft eru gamlir eldgígar. Stóri-Bolli er austastur og þeirra mestur. Frá honum hefur runnið hraunflaumur norður að Undirhlíðum og Helgafelli. Þar fyrir vestan eru Tvíbollar. Hraun þaðan eru áberandi á svæðinu milli Grindaskarða og Helgafells. Líklegt er talið að þar hafi gosið um árið 900. Ef það er rétt, mun Ingólfur Arnarson og fjölskylda hafa orðið vitni að því gosi, trúlega í fyrsta sinn á ævinni.

Í þessari göngu verður gengið að þríhnúkum. Einn þeirra er úr móbergi en hinir tveir eru fornir eldgígar, og hafa runnið frá þeim mikil hraun, sem þekja svæðið í nágrenninu. Líklega verður gengið á þann nyrsta. Í toppi hans gefur að líta kringlótt, gapandi gígop. Þetta er opið á dýpsta helli landsins. Nokkrum sinnum hefur verið sigið í helli þennan, fyrst á Jónsmessu 1974. Við mælingu reynist hellirinn vera um 110 m á dýpt. 10 m að ummáli efst, en víkka þegar neðar kemur.

Þeir sem ganga upp á þennan hnúk ættu að hafa þetta vel í huga, þegar þeir ganga umhverfis gígopið. Það hefur vakið furðu, að þeir sem hafa umsjón með Bláfjallafólkvangi skuli ekki hafa sett upp skilti þarna til aðvörunar eða girt umhverfis opið. Að vetrarlagi myndast jafnan skafli við það með slútandi hengju. Fari einhver út á skaflinn, er honum voðinn vís, ef hengjan brestur undan þunga hans.

Af þríhnúkum er víðsýnt. Þaðan sést vel til Reykjavíkur og nágrennis, og ef skyggni er gott vestur eftir Reykjanesskaga og norður á Snæfellsnes.

Gönguferðinni er ekki lokið við þríhnúka. Stefnan verður tekin á Kóngsgil, en þar er skíðamiðstöðin í Bláfjöllum. Ef tími gefst til má lengja gönguna með smá krók yfir að Stóra-Kóngsfelli. Vestan við það eru fallegir gígar, sem hafa lagt til það hraun sem þekur svæðið milli Kóngsfells og Drottningar. Þaðan hafa einnig runnið hraunstraumar til norðurs, m.a. allt norður undir Heiðmerkurgirðingu.

Að lokum verður gengið á Strompa, gígaþyrpinguna, sem er vestan við skíðasvæðið. Eldvörpin eru 7 talsins og dreifð á svæði sem þekur um 1 ferkm. Þessar eldstöðvar eru eldri en þær sem fyrr eru nefndar. Hraunið frá þeim þekur svæðið vestan við Bláfjöllin, einmitt þar sem skíðagöngumenn sækja sér kraft og hreysti á heilsubótargöngu í Bláfjöllum. Í Stompahrauni hafa fundist margir fallegir og skoðunarverðir hellar og hefur Ferðafélagið farið þangað eftirminnilegar skoðunarferðir á liðnum árum. (Aðalheimild: Rit Jóns Jónssonar jarðfræðings.)

Tómas Einarsson